

ÁRSSKÝRSLA 2022

Verkmenntaskóli Austurlands



ÁRSSKÝRSLA 2022

Verkmenntaskóli Austurlands í Fjarðabyggð var stofnaður árið 1986 og byggir hann á gömlum grunni sem nær allt aftur til ársins 1943, þegar Iðnskólinn í Neskaupstað tók til starfa.

Í boði eru námsbrautir til stúdentsprófs, iðn- og starfsnámsbrautir, framhaldsskólabraut og starfsbraut. Námið er í boði eftir ýmsum leiðum, s.s. í dagskóla, fjarnámi og dreifnámi.

Sérstaða skólans í dag endurspeglast hvað helst í því að hann er eini skólinn á Austurlandi sem býður upp á fjölbreytt iðn- og starfsnám og er hann í góðum tengslum við atvinnulífið á svæðinu.



**VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS**

Samvinna - þekking - árangur

INNGANGUR

Ljósmynd: eysteinn.thor@gmail.com

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta er viðkemur starfsemi og rekstri Verkmenntaskóla Austurlands 2022.

Má með sanni segja að mikil breyting hafi orðið á skólahaldi 2022 frá árunum á undan þar sem áhrif Covid-19 voru orðin nánast engin þegar leið á vorönn 2022. Það auðvelðaði lífið í leik og starfi fyrir bæði nemendur og starfsfólk. Skólastarfið fór að færast í eðlilegt form, félagslíf og ýmis verkefni eins og Erasmus+ lifnuðu við aftur þar sem nemendur og kennarar tóku virkan þátt. Bæði með heimsóknum erlendis sem og að taka á móti gestum til okkar erlendis frá. Tæknidagur fjölskyldunnar var haldinn í október þar sem hr. Guðni Th. Jóhannesson forseti Ísland heimsótti okkar. Dagurinn var mjög vel sóttur og að vanda góð samvinna við atvinnulífið. Skólinn tók þátt í fleiri verkefnum á árinu og m.a. náðist að uppfylla öll 5 skref í Grænum skrefum í ríkisrekstri og Jafnlaunavottun var viðhaldið.

Fab Lab Aust stafræn smiðja var áfram starfrækt á árinu eftir að gengið var frá samstarfsyfirlýsingu árið 2021 til að tryggja rekstur smiðjunnar með árlegum framlögum. Að samstarfsyfirlýsingunni stóðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (ANR), mennta- og menningarmálaráðuneyti (MRN), Fjarðabyggð og Verkmenntaskóli Austurlands (VA). Eitt stöðugildi verkefnastjóra er í smiðjunni.

Í lok maí fór starfsfólk í námsferð til Granada og Almeria á Spáni þar sem þau kynntust spænska menntakerfinu og heimsóttu skóla. Ferðin var vel heppnuð og starfsfólk ánægt með ferðina.

Óformlegar viðræður hafa átt sér stað við sveitarfélagið Fjarðabyggð um mögulega staðsetningu og stækkun lóðar skólans. Þann 11. maí 2022 var undirrituð yfirlýsing varðandi mögulegrar stækkunar á húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands. Yfirlýsingin er undirrituð af Ásmundi Einari Daðasyni mennta- og barnamálaráðherra, Hafliða Hinrikssyni þáverandi skólameistara VA og Jóni Birni Hákonarsyni þáverandi formanni skólanefndar VA. Einnig undirrituðu mennta- og barnamálaráðherra Ásmundur Einar Daðason og Jón Björn Hákonarson, þáverandi bærarstjóri Fjarðabyggðar yfirlýsingu sama dag um að grunnskólanemendum úr 9. og 10. bekk í Fjarðabyggð gefist tækifæri á að taka fjölbreytta valáfanga í iðn- og tæknigreinum í Verkmenntaskólanum.

Hafliði Hinriksson skólameistari lét af störfum þess embættis 30. nóvember 2022 og Eydís Ásbjörnsdóttir var skipuð í embætti skólameistara frá 1. desember 2022.

Eydís Ásbjörnsdóttir skólameistari



Forseti Íslands á Tæknidegi fjölskyldunnar 2022

HLUTVERK & MARKMIÐ

Verkmenntaskóli Austurlands er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla, framhaldsskólalögum og öðrum lögum og reglugerðum sem snerta skólastarf á framhaldsskólastigi. Skólinn hefur að leiðarljósi þá grunnþætti menntunar sem tilteknir eru í Aðalnámskrá framhaldsskóla: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð ásamt sköpun.


Skólinn leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt nám og mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda. Sérstakt tillit er tekið til austfirsks samfélags í skólastarfinu og því er mikilvægt að byggja upp góð tengsl við aðra skóla, fyrirtæki, stofnanir og félagsamtök í landshlutanum.

Verkmenntaskóli Austurlands er eini skólinn á austanverðu landinu sem gefur nemendum kost á að leggja stund á nám á iðn- og starfsnámsbrautum auk bóknámsbrauta. Þessi sérstaða skólans krefst þess að markvisst sé unnið að kynningu á því námi sem boðið er upp á.

Í skólastarfinu er leitast við að veita góða kennslu, auka viðsýni nemenda, hvetja til gagnrýnnar og skapandi hugsunar, efla samvinnu og tillitssemi og hvetja til virðingar fyrir umhverfi og samfélagi. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendum gefist tækifæri til þátttöku í heilbrigðu og þroskandi félagslífi. Þá vill skólinn veita nemendum stuðning eftir þörfum og sem fullkomnasta aðstöðu til náms og félagslegra athafna.

SAMVINNA - ÞEKKing - ÁRANGUR





Frá haustinu 2016 hefur stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára verið skilað árlega til MRN, til að koma til móts við 31.-32. gr. laga um opinber fjármál. Liður í stefnumiðaðri áætlun er að setja markmið fyrir kjarnastarfsemi og rekstrarþætti og árangursmælikvarða sem gefa vísbendingar um hvort markmið hafi náðst. Hér á eftir má sjá markmið VA fyrir árin 2022 - 2024 og hvernig skólinn vinnur markvisst að því að ná markmiðum sínum.

KJARNASTARFSEMI - MARKMIÐ

- 1. Minnka brotthvarf úr námi**
- 2. Efla gæði bók- og starfsnáms**
- 3. Stuðla að aukinni aðsókn í starfsnám**

Til þess að ná settum markmiðum hafa verið settar fram ýmsar aðgerðir. Áhersla er á öflugum eftirfylgni með nemendum og hvatningu. Nemendur fá umsagnir þrisvar sinnum á önn sem veita góða leiðsögn í náminu og umsjón með nemendum undir 18 ára eflid. Samkvæmt útreikningum MRN á brotthvarfi var brotthvarf nýnema sem innrituðust í VA að loknum 10. bekk 0% á milli áráanna 2019 og 2020 en eftir það hefur það farið hækkandi og var 14,4% samkvæmt síðustu mælingu sem skólinn hefur fengið (2021).

Markvisst er fylgst með viðhorfi nemenda til kennslu og aðstöðu í skólanum og áhersla er lögð að rýna niðurstöður áfangamats hvers nemenda og frammistöðumat kennara. Að sama skapi hefur verið lögð áhersla á að bæta aðbúnað nemenda og starfsmanna. Bæta þarf úr aðstöðuskorti iðn- og starfsnámsdeilda.

Gæðastjórnun náms verður sífellt markvissari við skólann eftir því sem gæðakerfi skólans nær að skjóta dýpri rótum en gæðakerfið er ein af leiðum skólans til að bæta gæði náms og kennslu. Gæðakerfið hlaut vottun á árinu 2021 og fór í gegnum viðhaldsvottun á árinu 2022 sem staðfesti að skólinn starfrækta áfram kerfi sem uppfyllti kröfur ISO-9001 staðalsins.

Unnið er markvisst að aukinni aðsókn í starfsnám og vinnur VA með öðrum starfsnámsskólum að öflugum kynningarstarfi. Að sama skapi heldur skólinn í samstarfi við Matís Tæknidag fjölskyldunnar og er markmið skólans að stuðla þannig að öflugum kynningarstarfi. Alla jafna sækja um 15% íbúa fjórðungsins daginn heim á Tæknidegi fjölskyldunnar,

REKSTRARÞÆTTIR - MARKMIÐ

- 1. Efling mannauðs**
- 2. Að reka skólann innan fjárheimilda ár hvert.**

Til þess að ná settum markmiðum hafa verið settar fram ýmsar aðgerðir. Áhersla er á auknið aðgengi að námskeiðum og jafningjafræðslu innan skólans sem og aðgengi að skólaheimsóknum og námskeiðum erlendis. Starfslýsingar hafa verið endurskoðaðar og samþykktar.

Markmið um að reka skólann innan fjárheimilda náðist á árinu.



VERKMENNTASKÖLI
AUSTURLANDS

NEMENDUR

VORÖNN 2022

Nemendafjöldi: 300

- 136 dagskólanemendur
- 164 fjar -og dreifnemar

HAUSTÖNN 2022

Nemendafjöldi: 470

- 115 dagskólanemendur
- 129 grunnskólanemendur í verkvit
- 196 fjar og -dreifnemar

Nemendafjöldinn við skólann hefur haldist nokkuð jafn síðustu ár í dagskóla en sveiflast aðeins á milli vor -og haustannar. Á vorönn voru kenndar þrjár annir í húsasmíði á mótum tveimur á haustönn. Á haustönn bætast við allir grunnskólanemar Fjarðabyggðar í 9. og 10. bekk í verkviti, 129 nemendur haust 2022.



Í bóknámi stunda flestir nám á opinni stúdentsbraut en einnig er í boði Félagsvísindabraut og náttúrufræðibraut.

Í dagskóla skiptist iðnámið í Húsasmíði, málm -og véltæknigreinar og rafvirkjun.

Námsbraut í húsasmíði var fullsetin haust 2022 og komust færri að en vildu.

Ekki náðist nægjanlegur fjöldi í nám í hársnyrtiið og var því brautin ekki kennd 2022.

Fjarnemendum fjölga jafnt og þétt með auknu námsframboði í fjar -og dreifnámi og hefur fjöldi fjarnema nær tvöfaldast á 4 árum.



NÁMSFRAMBOÐ



Námsframboð við Verkmenntaskóla Austurlands er afar fjölbreytt og í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig nemendur dreifast á hinar ýmsu námsbrautir skólans.

Námið er allt í boði í dagskóla fyrir utan sjúkraliðanámið og námsbrautir fyrir leikskólaliða og stuðningsfulltrúa.

Sjúkraliðanámið í VA er kennt í samvinnu við tvo aðra framhaldsskóla, FNV og MÍ, og er hluti af samstarfi innan Fjarmenntaskólans.

Verkmenntaskólinn býður einnig upp á fjölbreytt námsframboð í fjarnámi í fögum sem nýtast upp í stúdentsbrautir og einnig í bóklegum áföngum í húsasmíði.

Ein iðnnámsdeild skólans er í boði bæði í dagskóla og dreifnámi en það er rafiðndeildin. Þar er fagbóklegt nám í boði í gegnum netið og vinnustofur fyrir verklegan þátt námsins í boði utan dagvinnutíma þrisvar í viku.

Staða nemenda	Vorönn 2022	Haustönn 2022
Dagsskóli	136	115
Grunnskólakrakkar í FB 9-10 bekkur		129
Fjarnemendur (nemendur í fjarnámi, SJU, LSL, STF, studentsbrautir)	156	196
Dreifnám	14	30
Heildarnemendafjöldi	306	470
Heildarnemendafjöldi án grunnskólanema	306	341

Skipting nemenda á brautir	Vorönn 2022	Haustönn 2022
Dagsskóli:		
Framhaldsskólabraut	8	13
Félagsvísindabraut	5	7
Náttúruvísindabraut (NÁT)	12	7
Opin stúdentsbraut (OST)	39	40
Starfsbraut (STB)	10	9
Húsasmíði (HUS)	29	35
Rafvirkjun (RAF)	12	13
Mál- og véltæknigreinar	30	28
Fjarnám-bóknám	12	21
Námsbr. fyrir LSL, STF	21	28
Rafvirkjun- dreifnám	13	30
Sjúkraliðabraut (SJ,SJU)	79	112
Sjúkraliðabraut (SJ,SJU)- VA NEMAR	39	34
Viðbótarnám til stúdentsprófs (VSS)	2	1



STARFSFÓLK

Á ársgrundvelli voru um 30 stöðugildi við skólann sem skiptust í 21 við kennslu og 9 við rekstur og þjónustusvið.

KENNSLUSVIÐ

Á kennslusviði störfuðu 25 manns á vorönn en 27 manns haustönn og var hluti þeirra í 50% starfi og minna. Þrír kennarar voru einnig deildarstjórar samhliða fullri kennslu þ.e. á öllum iðnnámsbrautum og þroskaþjálfari er deildarstjóri starfsbrautar. Á báðar annir þurfti að kaupa inn kennslu í iðnnám sem nam um 75% starfshlufalli. Meðalaldur kennara skólans er 44 ár.

ÞJÓNUSTUSVIÐ

Á þjónustusviði voru 9 starfsmenn í um 6 stöðugildum sem skiptast í húsvörð, ræstitækna, náms- og starfsráðgjafa, kerfisstjóra, nemendagæslu á heimavist og verkefnastjóra í FabLab smiðju.

STJÓRNENDUR

Samkvæmt skipuriti skólans eru fjórir aðalstjórnendur við skólann; skólameistari, áfangastjóri, gæðastjóri og fjármála- og skrifstofustjóri. Allir þessir aðilar eru í fullu starfi. Gæðastjóri sinnir kennslu samhliða stjórnun. Starf fjármála- og skrifstofustjóra var áður einskorðað við fjármálastjórn en breyttist þegar ritari sem verið hafði í 50% starfi hætti störfum. Heiti starfsins var þá breytt í fjármála- og skrifstofustjóri og almenn þjónusta á skrifstofu og rafræn skjalastjórnun var felld inn í starf fjármálastjóra.

Auk aðalstjórnenda stýra fjórir deildarstjórar fagsviðum í iðnámi og á starfsbraut í hlutastarfi samhliða kennslu og teljast þeir því einnig með kennslusviði hér ofar.

Kærleiksdagar 2022

Í marsmánuði ár hvert eru haldnir Kærleiksdagar í VA. Ýmiss konar uppbot fer fram þessa daga og er áherslan á að láta gott af sér leiða. Kærleiksdögum lýkur með árshátíð skólans.



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS



SAMSTARF

Skóli er hluti af samfélagi sínu, hvort sem um ræðir nærsamfélag hans eða menntasamfélag í heimi þar sem fjarlægðir verða sífellt minni vegna tækni framfara og aukinna ferðalaga. VA á í viðtæku samstarfi út fyrir skólann við hina ýmsu aðila og hafa áhrifin jákvæð áhrif á þróun og eflingu skólans.

SAMSTARF VIÐ NÆRUMHVERFI OG ATVINNULÍF

VA stendur í nánum tengslum við umhverfi sitt og atvinnulífið. Nokkuð er um að einstaklingar úr atvinnulífinu komi inn og kenni staka áfanga í iðn- og starfsnámi við skólann og eru þau tengsl við vinnumarkaðinn dýrmæt. Einnig hefur atvinnulífið stutt við skólann með styrkjum til kaupa á tækjabúnaði. Loks má nefna að árlega er *Tæknidagur fjölskyldunnar* haldinn í VA í samstarfi við Matís og fyrirtæki og stofnanir á Austurlandi og landinu öllu. Í tengslum við Tæknidaginn hafa Matís og VA staðið að nýsköpunarkeppni fyrir grunnskólanemendur í Fjarðabyggð sem lýkur með uppskeruhátíð og verðlaunaafhendingu á deginum. Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, heiðraði Tæknidaginn 2022 með nærveru sinni og veitti verðlaun.

SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLA

Markvisst er unnið með grunnskólum á Austurlandi að kynningum á námi við skólann. Starfsfólk og nemendur sækja elstu nemendur grunnskólanna heim og einnig er nemendum boðið í heimsóknir í VA. *Verklegt val í VA er verkefni sem hófst haustið 2021 þar sem nemendur í 9. og 10. bekk í grunnskólum Fjarðabyggðar koma og leggja stund á tvær iðn- og starfsnámsgreinar einu sinni í viku í átta vikur.* Það hefur skilað sér í auknum fjölda nemenda sem sækja um iðn- og starfsnám að grunnskólagöngu lokinni.

Stjórnendateymi VA tekur einnig reglulega þátt í fundum skólastjórnenda í Fjarðabyggð þar sem samstarfsmöguleikar eru ræddir.

SAMSTARF VIÐ AÐRA FRAMHALDSSKÓLA

Viðtækt samstarf fer fram við aðra framhaldsskóla, þá helst í gegnum SMÍ, samstarf starfsnámsskólanna og Fjarmenntaskólann. Samstarfið er dýrmætt og styrkir skólann og starfsfólk hans.

ERLENT SAMSTARF

Frá árinu 2017 hefur VA verið virkur þátttakandi í erlendu samstarfi í gegnum menntaáætlun Evrópusambandsins, sem nánar má kynna sér á [heimasíðu skólans](#).

Samstarfið gefur bæði nemendum og starfsfólki dýrmæt tækifæri til að fóta sig í síbreytilegu og alþjóðlegu umhverfi 21. aldarinnar.

„Ef hlutirnir hafa alltaf verið svona segi ég að tími sé kominn til að breyta.“

Einar Már Sigurðarson, fyrrum skólameistari VA



ÞRÓUN

Skólastarf í VA er í sífelldri þróun eins og vera ber enda á kyrrstaða litla samleið með skólastarfi. Hér má sjá nokkur dæmi um þróunarstarf í skólanum á árinu.

VINNUSTOFUR

Í upphafi vorannar 2021 var tekið upp svokallað vinnustofukerfi í skólanum. Var sú ákvörðun tekin til þess að skólinn yrði betur í stakk búinn að mæta skyndilegum breytingum á sóttvarnaráðstöfunum vegna COVID-19 en einnig til þess að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Frá þeim tíma hafa ólíkar útfærslur kerfisins verið prófaðar og rýndar af nemendum og kennurum. Sú þróunarvinna mun halda áfram á næsta ári.

LEIÐSAGNARNÁM

Mikil þróun hefur verið í námsmati innan skólans síðustu annir. Hafa verið fengnir gestafyrirlesarar á sviði leiðsagnarnáms og í upphafi haustannar 2022 var ákveðið að fá heildstæðara námskeið frá Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri (MSHA).

Um er að ræða heilsárs námskeið þar sem kennarar vinna með eigin kennslu og koma regluleg innlegg frá sérfræðingum MSHA ásamt eftirfylgni í formi samtala og samvinnu.

VERKLEGT VAL Í VA

Eins og fyrr segir hófst verkefnið haustið 2021. Markmið verkefnisins var að auka möguleika grunnskólanema á verknámi á skólatíma og kynna betur þá möguleika sem felast í iðn- og starfsnámi með það fyrir augum að fjölga nemendum í þeim greinum. Gerð var viljayfirlýsing við Mennta- og Barnamálaráðuneytið um áframhald verkefnisins á vordögum 2022 og hélt það áfram með sama formi á haustönn.

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Höfuðstóll í upphafi árs 2022 (samkvæmt fjárheimild) var 30 millj. en í lok árs voru 25 millj. teknar af stofnuninni og því má áætla að 5,1 millj. hafi staðið eftir. Áætluð rekstrarstaða í árslok samkvæmt drögum af ársreikningi er jákvæð um 17 milljónir en ársreikningur liggur ekki fyrir. Hér má sjá áætlaðar niðurstöður ársins 2022. Allar áætlanir VA gera ráð fyrir að höfuðstóll ársins 2022 flytist yfir á árið 2023.

Fjárheimild VA 2022		
Allar tölur í milljónum króna		
Höfuðstóll frá 2021		5,1
Fjárlög 2022		519,5
Uppgör og fl.		8,3
		532,9

Áætlaður rekstur VA 2022		
Allar tölur í milljónum króna		
Aðrar rekstrartekjur		-11,1
Sértekjur		-36
Launagiöld		355,4
Almennur rekstur		166,8
Fjárfestingar		28,5
		503,6



Í Verkmenntaskóla Austurlands er rík áhersla lögð á umhverfismál. Skólinn hefur verið þátttakandi í verkefninu *Skólar á grænni grein* frá haustinu 2016 og á haustönn 2020 hófst starf við innleiðingu *Grænna skrefa í ríkisrekstri* sem lauk með því að skólinn fékk vottun á öll fimm grænu skrefin vorið 2022.

UMHVERFISNEFND OG GRÆNFÁNI

Á haustönn 2022 fékk skólinn afhentan Grænfána í þriðja sinn. Umsjón Grænfánaverkefnins er í höndum umhverfisnefndar skólans en í henni sitja fulltrúar nemenda og starfsfólks.

Umhverfisnefnd skólans hlaut árið 2020 styrk úr Sprotasjóði upp á rúmar 3 milljónir til að vinna að samstarfsverkefninu Umhverfismál til framtíðar. Verkefnið var unnið í samstarfi við Nesskóla og Náttúrustofu Austurlands og snerist um að gera umhverfismálum hátt undir höfði með ýmsum viðburðum í gegnum skólaárið 2020-2021. Vegna COVID-19 náðist ekki að framkvæma verkefnið fyrr en á skólaárinu 2021-2022 og lauk því á vordögum.

Umhverfisnefndin hefur einnig verið í samstarfi við skóla í Frakklandi um verkefni tengdu orkunotkun og orkunýtingu ásamt öðrum verkefnum innan skólans, s.s. mælingu á matarsóun, úttekt á sorpflokkun og ýmis konar fræðslu.

græn SKREF



HÚSNÆÐI

Verkmenntaskóli
Austurlands

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum er húsnæði skólans um margt gott hvað kennslu- aðstöðu varðar. Það á þó helst við um aðstöðu til bóknámskennslu en aðstaða iðnnámsdeilda er að segja má sprungin. Þar er mikilvægt að bætt verði úr en skólinn hefur lagt áherslu á að byggt verði undir byggingaiðndeild skólans. Með því móti, samhliða breytingum, mætti vel bæta úr aðstöðuleysi deilda og auka nýtingu og aðbúnað þegar aðsókn er mikil. Eins og staðan er í dag býður húsnæðið ekki upp á fulla nýtingu með tilliti til stærðar nemendahópa sem kemur niðri á rekstrarforsendum skólans.

Í Verkmenntaskóla Austurlands sem og öðrum framhaldsskólum er mikil aðsókn í iðn- og tækninám sem veldur aukinni húsnæðisþörf fyrir þessar greinar. Það var því mikilvægt skref þann 11. maí 2022 þegar mennta- og barnamálaráðherra og skólastjórnendur undirrituðu yfirlýsingu varðandi mögulegrar stækkunar á húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands. Miklar vonir eru bundnar við að þetta starf muni skila betri aðstöðu fyrir starfsnám við skólann.

Frá og með hausti 2022 var mikil breyting á aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk skólans eftir endurbætur og nýtingu rýmis sem áður var leigt út. Nýr samkomusalur var tekinn í notkun og því möguleiki að opna mötuneyti innan skólahúsnæðis með tilkomu framreiðslueldhúss. Jafnt og þétt hefur verið augin aðsókn í mötuneytið hjá nemendum og starfsfólki.

**Við VA er starfrækt
heimavist með góðum
aðbúnaði fyrir
nemendur ... og ekki
spillir umhverfið
fyrir!**



**VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS**



Í Verkmenntaskóla Austurlands eru árangur og gæði skólastarfsins markvisst metin eins og gert er ráð fyrir í lögum um framhaldsskóla og er nánar útfært í reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum (700/2010). Innra mat skólans er mjög virkt og samofið annarri starfsemi hans.

INNRA MAT

Frá árinu 2014 hefur verið unnið að innleiðingu á gæðakerfi samkvæmt ISO 9001 staðlinum. Á vordögum 2021 náðist sá áfangi að formleg vottun fékkst á kerfið og á árinu fór skólinn í viðhaldsúttekt sem staðfesti að skólinn uppfyllti áfram kröfur ISO-9001 staðalsins.

Á þessum árum hefur mikið vatn runnið til sjávar og er gæðastjórnunarkerfi skólans orðið mjög öflugt með afar virku gæðaeftirliti og innri úttektum kerfisins sjálfs. Gæðastjórnunarkerfið hefur vaxið og í raun má segja að um rekstrarstjórnun sé að ræða í dag þar sem kerfið tekur mið af kröfum staðalsins, ytri kröfum eins og lögum, reglugerðum og Aðalnámskrá framhaldsskóla ásamt því sem eigin kröfur skólans verða sífellt umfangsmeiri þáttur kerfisins.

Á heimasíðunni, www.va.is, má lesa nánar um sjálfsmat skólans og fyrir áhugasama er vert að benda á skýrslurnar Rýni stjórnenda sem skrifaðar eru í lok hvers skólaárs. Þar má fá afar góða yfirsýn yfir gæðastarf skólans ásamt stefnu fram á við til stöðugra umbóta.

JAFNLAUNAVOTTUN

Innleiðing jafnlaunakerfis samkvæmt ÍST 85 staðlinum hefur haldist í hendur við innleiðinguna á gæðakerfinu. Lauk innleiðingunni með því að vottun fékkst í febrúar 2020. Vottunin staðfesti að skólinn starfræki jafnlaunakerfi og tryggja á að málsmeðferð og ákvarðanir í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Viðhaldsúttektir hafa verið framkvæmdar árlega og staðfest var að skólinn starfrækti áfram jafnlaunakerfi samkvæmt staðlinum. Faggilta vottunarstofan iCert sér um vottun á báðum kerfum.